

A 1907/UVN

Flytjandi Norræn vinstri græn
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga
um að fækka börnum og ungmennum sem alast upp við viðvarandi
lágtekjur

Tillaga

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún geri samnorræna aðgerðaáætlun til að fækka börnum og ungmennum sem alast upp við viðvarandi lágar tekjur

að hún kanni aðstæður í norrænu löndunum og reynslu þeirra af því hvað hefur fjölgað og hvað hefur fækkað börnum og ungmennum sem alast upp við viðvarandi lágar tekjur

að hún geri Norðurlandaráði árlega grein fyrir framvindu vinnunnar

Bakgrunnur

Börnum sem alast upp við viðvarandi lágar tekjur hefur fjölgað í mörgum norrænu landanna. Samkvæmt norsku hagstofunni bjuggu meira en 115 þúsund börn við viðvarandi lágar tekjur í Noregi árið 2019. Miðað við tölur norsku samtakanna Redd barna (Barnaheill) frá árinu 2019 var barnafátækt í Danmörku 13,2 prósent, í Finnlandi 14,3 prósent og í Svíþjóð 23,1 prósent. Þar er um að ræða börn og ungmenni sem ef til vill eiga þess ekki kost að stunda knattspyrnu, listnám eða dans vegna þess að foreldrar þeirra hafa ekki efni á því.

Þetta eru börn í fjölskyldum þar sem foreldrarnir hafa ef til vill ekki efni á að kaupa úlpu þegar kólnar í veðri eða endurnýja skó barnanna þegar þeim gömlu hefur verið slitið. Þetta eru börn í fjölskyldum sem hafa kannski ekki efni á að fara í frí, hvorki innanlands né utanlands því aurarnir hrökkva aldrei til. Þetta eru börnin okkar í löndunum okkar sem njóta ekki sömu tækifæra og önnur börn.

Hvaða afleiðingar hefur þetta fyrir börnin? Á vefsvæði norsku barna- og fjölskyldumálastofnunarinnar er vitnað í ónafngreindan dreng: „Þegar maður getur ekki verið með vinum sínum á afmælisdaginn vegna þess að maður hefur ekki efni á



Því hætta þeir á endanum að bjóða manni að vera með. Vinirnir hverfa. Kveðja, 18 ára strákur.“

Í Framtíðarsýn okkar 2030 stendur að Norðurlönd ætli sér að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Þar stendur einnig að „jöfnuður og velferð séu forsendur sem tryggja atvinnu og öflugt hagkerfi“. Ef við eigum að tryggja atvinnu og skapa börnum og ungmennum betri tækifæri verður að leggja áherslu á jöfnuð og velferð.

Í gegnum tíðina hafa norrænu löndin einkennst af lítilli misskiptingu, mikilli samheldni og alhliða velferðarkerfi sem hefur jafnað muninn á milli þeirra sem mest hafa og þeirra sem minnst hafa. Ekki ber þó að ganga að því sem vísu.

Norrænu löndin þurfa að vinna ötullega að því að viðhalda norrænu samfélagsgerðinni. Til þess þurfum við að snúa við þeirri þróun að æ fleiri börn alist upp við fátækt. Við þurfum að minnka muninn á milli þeirra sem mest hafa og þeirra sem minnst hafa.

Norðurlöndum, 16. febrúar 2022

Christian Juhl (Ø)

Daniel Riazat (V)

Freddy André Øvstegård (SV)

Kathy Lie (SV)

Lorena Delgado Varas (V)

Orrí Páll Jóhannsson (VG)

Rasmus Nordqvist (SF)

Sofia Geisler (IA)

Tobias Drevland Lund (R)

Veronika Honkasalo (VF)